




Innlána safnið – fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið – fyrir þá sem vilja taka minni markaðsáhættu




Hóflæg áhætta



Áræðna safnið – fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 31.3.2026

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

Orðsending fjárfestingaráðs:

Framan af ári gekk vel á flestum eignamörkuðum en í kjölfar aukinna átaka í Mið austurlöndum tók að fjara undan. Olíuverð hækkaði og áhyggjur aðila um áhrif langvarandi stríðs á verðbólgu fóru að aukast. Innlend skuldabréf voru eini eignaflokkurinn sem skilaði jákvæðri ávöxtun á þessum fjórðungi. Innanlands hélt verðbólga áfram að hækka líkt og í desember og var það opinber þjónusta sem dró vagninn. Það bætti ekki stöðuna þegar áhrif hækkana á olíu bættust við á síðari hluta fjórðungsins. Verðbólga er nú 5,4% og hefur ekki mælst jafnhá síðan í september 2024.

Seðlabankinn hækkaði vexti á marsfundi sínum og eru væntingar aðila um vaxtalækanir á þessu ári nánast slegnar út af borðinu. Þrátt fyrir ágæta ávöxtun í byrjun árs á erlendum mörkuðum þá tóku þeir að lækka aftur í kjölfar innrásar í Íran. Að auki styrktist krónan á móti Bandaríkjadóllar og evru á fjórðungnum sem lækkar virði erlendra eigna. Innanlands munu horfur á eignamörkuðum ráðast af þróun efnahagsumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntingum. Erlendis mun ófriður, olíuverð og verðbólga hafa áhrif á eignamarkaði.